

**Nd. 1055. Frumvarp til laga [335. mál]**  
um framkvæmdasjóð aldraðra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. maí.)

Samhljóða þskj. 965 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu á árinu 1981 leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 100 kr. á hvern mann, en þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu undanþegin gjaldinu, svo og þeir menn sem hafa tekjuskattsstofn undir 2 500 000 g.kr. Um álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
2. Beint framlag ríkissjóðs eftir ákvörðun við gerð fjárlaga hverju sinni.
3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla
4. Vaxtatekjur.